




Ársskýrsla menningar- og viðskiptaráðherra 2021



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Ársskýrsla menningar- og viðskiptaráðherra

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Skúlagötu 4 – 101 Reykjavík
Sími: 545 9700 | mvf@mvf.is

Júní 2022

Ábyrgðarmaður: Lilja Dögg Alfreðsdóttir
Umsjón: Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Menningar- og viðskiptaráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

1. Ávarp ráðherra	4
2. Samantekt um starfsemi ráðuneytis	5
3. Tölfræði	11
4. Viðspyrnuáðgerðir vegna heimsfaraldurs	13
5. Rekstur og fjárfestingar	15
5.1 Rekstrargjöld og fjárfestingar 2021	15
6. Málefnasvið	16
7. Ferðaþjónustan	18
8. Menningarmál	22
9. Viðskiptamál	32
10. Fjölmiðlun	34



1. Ávarp ráðherra

Tími tækifæra

Með samþættingu málefna sviða nýs menningar- og viðskiptaráðuneytis eru skapaðar forsendur fyrir ný tækifæri og sókn í þágu samfélagsins alls og stuðlað að vexti og velsæld til framtíðar. Breytingar sem uppstokkun Stjórnarráðsins við upphaf nýs kjörtímabils höfðu í för með sér voru vissulega róttækar en tímabærar. Þær eru til þess fallnar að fella ósýnilega múra stofnanamenningar og stuðla að samvinnu, samráði og samhæfingu innan Stjórnarráðsins.

Undir hið nýja ráðuneyti falla málefni íslenskunnar og tákna máls, menningar, ferðapjónustu, fjölmiðla og viðskipta. Sköpun og ferðapjónusta eru skurðpunktar milli menningar og viðskipta. Verkefni okkar er að skapa þessum málaflokkum umhverfi sem stuðlar að velsæld og verðmætasköpun fyrir samfélagið. Hlutverk ríkisins er að móta umhverfi þar sem sköpunarkrafturinn þrífst, verðmætaskapandi umhverfi fyrir atvinnu- og menningarlíf. Það styrkir samkeppnishæfni okkar sem ekki aðeins snertir atvinnulífið heldur allt samfélagið í heild sinni.

Ferðapjónustan og menningarlífið njóta gagnkvæms ávinnings af velgengni og hagsmunir þeirra eru samofnir á ýmsum sviðum. Þannig hafa íslenskir menningarviðburðir á borð við tónlistar- og kvikmyndahátíðir verið aðdráttarafl ferðamanna um árabíl. Að sama skapi njóta skapandi greinar góðs af stærri markaði sem fylgir fjölgun ferðamanna og aukinni eftirspurn eftir íslenskri list og menningu. Allt þetta lútir

að auki lögmálum markaðarins, en málefni viðskipta og fjölmiðla auk fjöreggsins, íslenskunnar, eru nú öll undir sama hatti.

Í þessari ársskýrslu horfum við á verkefni síðasta árs sem þá tilheyrðu flest sitthvoru ráðuneytinu. Við horfum jafnframt bjartsýn til framtíðar og vitum að það er til mikils að vinna fyrir þjóðarbúið ef rétt er haldið á málum. Við erum farin af stað, höfum sett okkur umfangsmikil markmið og þegar náð mörgum þeirra.

Það er mín von að í næstu ársskýrslu getum við sýnt fram á enn dýpri hagfræðilegar greiningar, en á skrifstofu verðmætasköpunar ætlum við að móta mælikvarða sem ná utan um efnahagslega, samfélagslega og huglæga þætti sem ganga þvert á málaflokka okkar. Mér finnst spennandi að hugsa til þessara mælikvarða sem einskönar sköpunarvísitölu en það er vísitala sem við keppum að því að hækka og höfum alla burði til.

Við vitum að tími tækifæranna er runninn upp og með samþættingu þessara málaflokka í nýju ráðuneyti menningar- og viðskiptamála eru skapaðar tryggari forsendur til að grípa þau og stuðla þannig að sókn í þágu samfélagsins alls með tilheyrandi vexti og velsæld til framtíðar.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir

menningar- og viðskiptaráðherra


2. Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Menningar- og viðskiptaráðuneytið: **Umhverfi fyrir vöxt og velsæld**

Menningar- og viðskiptaráðuneytið (MVF) tók til starfa 1. febrúar 2022, en á síðasta kjörtímabili heyrðu málaflokkarnir undir málefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Undir hið nýja ráðuneyti falla málefni menningar, ferðapjónustu, íslensks máls, táknmáls, fjölmiðla og viðskipta. Hlutverk ráðuneytisins er að skapa þessum málaflokkum umhverfi sem stuðlar að velsæld og verðmætasköpun fyrir samfélagið, en málaflokkar nýs ráðuneytis verða burðarásar í gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins til framtíðar.

Sköpun og ferðapjónusta eru skurðpunktar milli menningar og viðskipta.

Sköpun verðmæta



Umhverfi fyrir vöxt og velsæld


Hlutverk og skipulag menningar- og viðskiptaráðuneytisins

Skrifstofur menningar- og viðskiptaráðuneytisins samanstanda af fagskrifstofum og skrifstofu fjármála og gæðamála og skrifstofu verðmætasköpunar sem starfa þvert á ráðuneytið. Fagskrifstofur ráðuneytisins eiga að sjá til þess að ávallt sé unnið faglega að undirbúningi mála og að þekking starfsmanna sé nýtt og henni viðhaldið. Fagskrifstofurnar bera ábyrgð á lagamma og regluverki þeirra málaflokka sem eru á þeirra forræði, í samráði við stofnanir ráðuneytisins.

Stoðskrifstofa ráðuneytisins skal sjá til þess að ávallt séu til staðar stjórnunar- og fjárhagslegar upplýsingar til undirbúnings og stuðnings við ákvarðanatöku hjá ráðuneytinu og stofnunum þess eftir því sem við á.

Markmiðið með þessu stjórnskipulagi er að treysta stefnumótun og samræma aðgerðir og vinnubrögð við framkvæmd stefnu ráðuneytisins og ráðherra. Jafnframt felur stjórnskipulagið í sér eflingu á innri starfsemi ráðuneytisins með áherslu á markvissa stjórnun.

Skipurit



Tölfræði menningar- og viðskiptaráðuneytisins á árinu 2021

3. Tölfræði

98

Samningar í gildi

14

Menningarsjóðir

74

Starfandi nefndir

3

Ferðamál — sjóðir

Stofnanir

1

Ferðamál — stofnanir

17

Menningarstofnanir

1

Fjölmiðlastofnanir

1

Neytendamál

1

Samkeppnismál

Viðspyrnuaðgerðir

4. Viðspyrnuáðgerðir vegna heimsfaraldurs

Heildar fjárhæð hvers aðgerðarpakka



Ferðagjöf

750.000.000 kr. ásamt 686.000.000 kr.
afgangi af fjárveitingu frá árinu 2020.

- Allir íbúar á Íslandi 18 ára og eldri fengu 5.000 kr. ferðagjöf sem var fjárhagslegur hvati til að njóta íslenskrar ferðapjónustu, annað árið í röð.



Alþjóðlegt markaðsátak

600.000.000 kr. afgangur af fjárveitingu
frá árinu 2020 nýttur í verkefnið.

- Alþjóðlegt markaðsverkefni í þágu íslenskrar ferðapjónustu er hluti af efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19 faraldursins. Verkefnið hófst 2020 og var fram haldið 2021.



Fjárfestingaráttak menning

1.000.000.000 kr.

- Á árinu 2021 var samþykkt þriggja ára fjárfestingaráttak í menningu. Á árinu 2021 var fjármagnið nýtt í aðgerðir skv. nýrri kvikmyndastefnu, hækkun ýmissa sjóða, s.s. starfslaunasjóð listamanna, tónlistar-, myndlistar- og sviðslistarsjóð.



Gistináttagjald

- Gistináttagjald var fellt niður til ársloka 2021 og gjalddögum frestað.

Rekstur og fjárfestingar

5. Rekstur og fjárfestingar

Verkefni á forræði menningar- og viðskiptaráðuneytis

Verkefni á forræði menningar- og viðskiptaráðherra tilheyrðu sjö málefnasviðum en verða sex málefnasvið eftir breytingarnar á stjórnarráðinu. Á árinu 2021 voru málefna-sviðin á forræði tveggja ráðuneyta. Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fór með forræði þriggja málefnasviða ýmist að heild eða að hluta til. Málefnasviðin eru: 7 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, 14 Ferðapjónusta og 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar. Mennta- og menningarmála-ráðherra fór með forræði fjögurra málefnasviða ýmist að heild eða að hluta til. Málefnasviðin eru: 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál, 19 Fjölmíðlun, 21 Háskólastig og 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála.

Raunútgjöld verkefna á forræði menningar- og viðskiptaráðherra námu 26.389,4 m.kr. árið 2021 en á mynd 1 má sjá skiptingu útgjalda eftir málefnasviðum.

Raunútgjöld málefnasviðs **7** Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar námu 2.457,5 m.kr. á árinu 2021. Undir málefnasviðið falla ýmis verkefni og samningar í hönnunarmálum, faggildingar svið Hugverkastofu og endurgreiðslur v/kvikmynda-gerðar og tónlistar.

Raunútgjöld málefnasviðs **14** Ferðapjónusta námu 3.267,5 m.kr. á árinu 2021. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd rannsóknum, þróun og nýsköpunar innan ferðapjónustunnar.

Raunútgjöld málefnasviðs **16** Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar námu 1.030,1 m.kr. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd viðskiptamálum og neytendamálum.

Raunútgjöld málefnasviðs **18** Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál námu 13.607,7 m.kr. á árinu 2021. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd málefnum safna, menningarstofnana, menningu og listum.

Raunútgjöld málefnasviðs **19** Fjölmíðlun námu 5.140,2 m.kr. á árinu 2021. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd fjölmíðlum.


Raunútgjöld málefnasviðs **21** Háskólastig námu 629,2 m.kr. á árinu 2021. Undir málefna-sviðið falla málefni íslenskunnar.

Raunútgjöld málefnasviðs **22** Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningar-mála námu 257,2 m.kr. á árinu 2021. Undir málefnasviðið falla ýmsir samningar og verkefni tengd norrænni samvinnu og málefni íslensks táknaðs.

5.1 Rekstrargjöld og fjárfestingar 2021

Raun útgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar



Mynd 1. skipting útgjalda eftir málefnasviðum

6. Málefнасvið

Rekstrarútgjöld verkefna á forræði menningar- og viðskiptaráðherra námu 26.389,4 m.kr. en gert var ráð fyrir því að til ráðstöfunar yrðu 25.957,8 m.kr.¹ Á töflu 1 má sjá rekstrarútgjöld málefnasviða og málaflokka.

Tafla 1. Rekstur málefnasviða og málaflokka

Málaflokkar - rekstur	Raunútgjöld	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Frávik %
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	2.457,5	2.654,2	196,8	7,4%	2,8	199,6	7,5%
0720 - Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar	2.457,5	2.654,2	196,8	7,4%	2,8	199,6	7,5%
14 Ferðabjónusta	3.267,5	2.752,7	-514,9	-18,7%	1.196,3	681,4	17,3%
1410 - Ferðabjónusta	3.267,5	2.752,7	-514,9	-18,7%	1.196,3	681,4	17,3%
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar	1.030,1	926,1	-104,0	-11,2%	17,2	-86,7	-9,2%
1610 - Markaðseftirlit og neytendamál	753,6	740,6	-12,9	-1,7%	30,8	17,9	2,3%
1620 - Stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar	276,5	185,5	-91,0	-49,1%	-13,6	-104,7	-60,9%
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	13.607,7	13.681,0	73,3	0,5%	929,3	1.002,7	6,9%
1810 - Safnamál	4.069,2	4.092,1	22,9	0,6%	185,0	207,9	4,9%
1820 - Menningarstofnanir	4.805,3	4.486,7	-318,6	-7,1%	308,3	-10,3	-0,2%
1830 - Menningarsjóðir	4.733,1	5.102,2	369,1	7,2%	436,1	805,1	14,5%
19 Fjölmíðlun	5.140,2	5.128,9	-11,2	-0,2%	8,7	-2,5	0,0%
1910 - Fjölmíðlun	5.140,2	5.128,9	-11,2	-0,2%	8,7	-2,5	0,0%
21 Háskólastig	629,2	562,1	-67,2	-12,0%	32,8	-34,4	-5,8%
2110 Háskólar og rannsóknastarfsemi	629,2	562,1	-67,2	-12,0%	32,8	-34,4	-5,8%
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála	257,2	252,8	-4,4	-1,7%	4,4	0,0	0,0%
2220 - Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig	241,0	238,9	-2,1	-0,9%	5,8	3,7	1,5%
2230 - Stjórnýsla mennta- og menningarmála	16,2	13,9	-2,3	-16,7%	-1,4	-3,7	-29,9%
Samtals	26.389,4	25.957,8	-431,6	-1,7%	2.191,5	1.759,9	6,3%

Fjárhæðir í milljónum króna

¹ Fjárlög, fjárukalög, yfirflutt árslokastaða, millifærslur innan málaflokks og úr almennum varasjóði.





7. Ferðapjónustan

Margvísleg verkefni voru unnin á sviði ferðamála á árinu 2021. Þar má nefna áframhaldandi þróun Vörðu – verkefnis um heildstæða nálgun áfangastaðastjórnunar, samninga við landshlutasamtök sveitarfélaga um stofnun áfangastaðastofa í öllum landshlutum að undanskildu höfuðborgarsvæðinu þar sem slík stofnun er enn í undirbúningi. Jafnvægisás ferðamála var birtur en þar má finna fjölbreyttar upplýsingar og mælikvarða sem nýtast við að meta þolmörk gagnvart sjálfbærum fjölda ferðamanna hér á landi.

Þá var 53,7 milljónum veitt í **viðbótarstyrki** úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til verkefna tengdum bættu aðgengi á ferðamannastöðum með áherslu á aðgengi fólks með skerta hreyfingu og vegna eldgossins í Geldingadölum.

Nýtt tryggingakerfi fyrir pakkaferðir var lögfest með stofnun Ferðatryggingasjóðs og gerður var samningur við Íslandsstofu og Ferðamálastofu um heildstæða landkynningar- og upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn undir merkjum Visit Iceland.

Ráðuneytið gerði samning við Íslandsstofu, Isavia, Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú um samstarfsverkefnið Nature Direct en það gengur út á að kynna flugvellina á Akureyri og Egilsstöðum

fyrir beint millilandaflug og áfangastaðina Norður – og Austurland undir sama hatti.

Unnið var að skoðun á breyttu fyrirkomulagi við talningar á ferðamönnum. Skipuð var verkefnastjórn um mótun tillagna um úrbætur í öryggismálum ferðapjónustunnar sem og starfshópar um uppbyggingu eldgosasvæðisins í Geldingadölum og um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna.

Heimsfaraldur kórónuveiru hafði mikil áhrif á íslenska ferðaþjónustu á árinu 2021 þó greininni hafi vegnað betur en árið 2020. Stuðningsaðgerðir stjórnvalda beindust m.a. að útgáfu nýrrar Ferðagjafar sumarið 2021 auk þess sem samningur ráðuneytisins um markaðsátakið Saman í sókn hélt áfram út árið 2021 en það vann til margra alþjóðlegra verðlauna og vakti mikla athygli.

Ferðamálastofa hélt áfram vinnu við greiningu á fjárhag íslenskrar ferðapjónustu en þriðja skýrslan beindist að greiningu á efnahag greinarinnar sem og mati á hæfi til að standa undir skuldum. Skýrslurnar gefa góða mynd af rekstri ferðapjónustufyrirtækja í því árferði sem ríkti vegna COVID faraldursins en þær má nálgast á heimasíðu Ferðamálastofu.

Markmið og mælikvarðar

Ferðapjónusta málefnasvið 14

Ferðapjónusta nær m.a. yfir styrkveitingar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða sem og framlög til ýmissa samninga og verkefna tengd rannsóknum, þróun og nýsköpun innan ferðapjónustunnar. Til málefnasviðsins heyrir ein stofnun, Ferðamálastofa, auk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Flugþróunarsjóðs. Til ráðstöfunar voru 2.752,7 m.kr. á árinu 2021 að viðbættri óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 1.196,3 m.kr., rekstrargjöld námu 3.267,5 m.kr. og uppsafnað frávik því 681,4 m.kr. Frávikið skýrist að mestu af afgangi af safnlið ferðapjónustunnar, Ýmis ferðamál, en þar undir er meðal annars Flugþróunarsjóður.

Markmið 1: Aukin verðmætasköpun

Mælikvarðar

Heildarneysla erlendra og innlendra ferðamanna.

Árleg aukning útgjalda hvers erlends ferðamanns.

Hlutfall gistinátta á hótelum og gistiheimilum utan háannatíma á landsbyggðinni.

Markmiðið felur í sér að verðmætasköpun í ferðapjónustu aukist á tímabilinu, m.a. með það fyrir augum að tekjur aukist hlutfallslega umfram fjölda ferðamanna, þ.e. að útgjöld hvers ferðamanns hér á landi verði meiri. Til að stuðla að markmiðinu var Jafnvægisás ferðamála birtur almenningi en á honum má sjá stöðu sjálfbærnivísa á myndrænan hátt. Jafnvægisásinn nýtist sem stjórnþæki til að meta reglulega áhrif ferðapjónustu á umhverfi, innviði, samfélag og efnahag landsins. Gerðar voru lagabreytingar til að draga úr reglubyrði og bæta skilyrði fyrir virka samkeppni í kjölfar samkeppnismats Efnahags- og framfarastofnunarinnar á ferðapjónustu. Unnið var að gerð nýs samnings við sýslumanninn á höfðborgarsvæðinu um eftirlit með húsnæði í skammtímaleigu.

Markmið 2: Jákvæð upplifun heimanna og ferðamanna

Mælikvarði

Ánægja með fjölda ferðamanna í heimabyggð.

Ánægja starfsfólks í ferðapjónustu (hlutfall ánægðra).

Meðmælaskor (NPS) ferðamanna.

Markmiðið felur í sér að stjórnvöld fylgist reglulega með þróun viðhorfs til fyrirkomulags og starfsemi ferðapjónustu meðal landsmanna og taki markvissar ákvarðanir um þróun og uppbyggingu greinarinnar á grunni slíkra upplýsinga. Unnið var markvisst að stofnun áfangastaðastofa um land allt og í lok ársins 2021 voru áfangastaðastofur teknar til starfa í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru málefni tengd álagsstýringu á ferðamannastöðum ofarlega á blaði, en þar má nefna að ráðuneytið lét vinna ítarlega skýrslu um leiðir og aðferðir til stýringar. Einnig má nefna að ráðið var í útboð til uppbyggingar þriggja varanlegra salerna á áningarstöðum við hringveginn.

Markmið 3: Umhverfisleg sjálfbærni í ferðapjónustu

Mælikvarði

Hlutfall vistvænna bíla hjá bílaleigubílum.


Fjöldi fyrirtækja í ferðapjónustu sem eru með vottuð gæða- eða umhverfisstjórnunarkerfi.

Áfangastaðir í opinberri umsjón með virka álagsstýringu.

Markmiðið byggir á grunni Parísarsamkomulagsins. Meðal aðgerða má nefna úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, en hann hefur það hlutverk að veita styrki til uppbyggingar, viðhalds og verndunar ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt og til aðgerða sem stuðla að öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði. Árið 2021 fengu 54 verkefni um allt land styrki úr sjóðnum upp á alls 807 m.kr. Auk þess var 53,7 milljónum veitt í viðbótarstyrki til verkefna tengdum bættu aðgengi á ferðamannastöðum með áherslu á aðgengi fólks með skerta hreyfigetu og vegna eldgossins í Geldingadöllum. Þá var unnið ötullega að framgangi verkefnisins Vörðu í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið en verkefnið miðar að heildstæðri nálgun áfangastaðastjórnunar.

Aðgerðir sem styðja við markmið	Tímabil aðgerða	Frankvæmt 2021
Lagabreytingar í tengslum við tryggingakerfi og samkeppnishindranir.	2020 – 2022	● Lagabreytingar.
Stofnun áfangastaðastofa landshlutanna.	2018 – 2022	● Áfangastaðastofur stofnaðar.
Greina þolmörk, náttúru, samfélags og efnahagslífs.	2018 – 2022	● Jafnvægisás ferðamála birtur.
Skilgreining og uppbygging fyrirmyndaráfangastaða.	2019 – 2023	● Þróun verkefnisins Vörðu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið





8. Menningarmál

Aðgerðir í menningarumhverfinu einkenndust að miklu leyti að viðbrögðum við tekjufalli listamanna. Innspýting var heilt yfir einn milljarður sem fór að mestu í sameiginlega menningarsjóði s.s. listamannaauð, sviðslistasjóð og tónlistarsjóði.

Menningarsókn – aðgerðaáætlun um listir og menningu í 18 liðum – var gefin út á haustmánuðum 2022, en með henni eru lagðar línur í menningarmálum til ársins 2030. Aðgerðaáætlunin var mótuð í mennta- og menningarmálaráðuneyti á árunum 2018-2021. Hún var unnin í samvinnu við fjölbreyttan hóp fólks úr menningargeiranum og listalífnu, auk þess sem ráðstefnur voru haldnar og fundir með forstöðumönnum menningarstofnana. Þá setti Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra (nú menningar- og viðskiptaráðherra), á laggirnar fjölmennan starfshóp forystufólks úr listalífnu til að rýna verkefnið og þær tillögur sem fram höfðu komið.

Hamfarir á Seyðisfirði vegna skriðufalla kölluðu á skjót viðbrögð af hálfu stjórnvalda og stofnana ríkisins. Safnaráð og Þjóðminjasafn lögðu til mikla vinnu við björgun verðmæta og framlög til uppbyggingar og varðveislu hljóp á tugum milljóna.

Viðræður eru hafnar við dönsk stjórnvöld um aukna samvinnu og framtíðarsýn um málefni **Íslenskra handrita** sem hýst eru í Danmörku. Starfshópur skipaður fulltrúum beggja ríkja hefur til umræðu fyrirkomulag lána á handritum til Íslands, stafræna endurgerð þeirra, miðlun, rannsóknir og hvernig skuli efla íslensk og norræn fræði í löndunum tveimur.

Ný nefnd var sett af stað **um málefni heimsminja**. Hlutverk nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs um heimsminjar hér á landi og vera ráðuneytinu til ráðgjafar við framkvæmd heimsminjasamnings UNESCO.

Áfram var unnið að **stefnumörkun um varðveislu menningararfs og safnastarf**. Minjastofnun Íslands vann tillögu að menningararfsstefnu sem kallast Menningararfurinn - stefna um varðveislu og aðgengi. Tillagan var unnin í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar. Stefnan er liður í því að tryggja að menningararf þjóðarinnar verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningararfsstefnan skiptist í stefnuáherslur annars vegar og skipulagsáherslur hins vegar, sem saman verða leiðarljós í starfsemi menningarstofnana á komandi árum. Við gerð stefnunnar var lögð áhersla á víðtækt samráð.

Safnaráð skilaði fullunninni tillögu um stefnumörkun um safnastarf, sem unnin var í samstarfi safnaráðs og höfuðsafnanna. Stefnan varpar ljósi á bæði hlutverk safna og markmið í rekstri þeirra og er ætlað að gera sýnileg víðtæk áhrif safna í samfélaginu. **Söfn eru fyrir alla og allir hópar samfélagsins eiga að upplifa sig velkomna á söfnum, bæði sem virkir þátttakendur og gestir**. Leiðarljós stefnunnar er sú sameiginlega ábyrgð samfélagsins að vernda menningar- og náttúruarf landsins, stuðla að faglegri umgengni og tryggja jafnt aðgengi að arfinum.

Drög að **myndlistarstefnu** fóru í opið samráð á Samráðsgátt stjórnvalda haustið 2022 og stefnt er að útgáfu hennar á fyrsta starfsári menningar- og viðskiptaráðuneytisins.

Arfleifð og boðskap frú **Vigdísar Finnbogadóttur** verður miðlað til komandi kynslóða með sýningu á lífi og störfum forsetans.

Útgefnum bókum heldur áfram að fjölga samkvæmt fjölda skráðra titla í Bókatíðindum ársins 2021. Opinber stuðningur við útgáfu bóka hefur aukið úrvalið fyrir lesendur á öllum aldri og hlustendur hljóðbóka. Stuðningur hefur verið veigamikill liður í aðgerðum stjórnvalda til þess að efla íslenskuna og bæta læsi. Höfundar hafa einnig fengið greitt vegna **útlána Hljóðbókasafns** með nýjum úthlutunarreglum sem ráðherra samþykkti á árinu.



Markmið og mælikvarðar

Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál málefnasvið 18

Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál ná yfir söfn, menningarstofnanir, sjóði og framlög til ýmissa samninga og verkefna tengd menningu og listum. Til málefnasviðsins heyra 13 stofnanir, 17 sjóðir og 7 aðrir liðir. Til ráðstöfunar voru 13.681,0 m.kr. á árinu 2021 að viðbætti óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 929,3 m.kr., rekstrargjöld námu 13.607,7 m.kr. og uppsafnað frávik því 1.002,7 m.kr. Frávikið skýrist að mestu af afgangi hjá Kvikmyndasjóði, þar sem í einhverjum tilfellum hafa verið gefin út viljrði fyrir verkefnastyrkjum en þeir einungis verið greiddir út að hluta. Frávikið skýrist einnig af jákvæðri stöðu á verkefni ráðuneytisins vegna fjármagns sem veitt var til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna. Halda átti hátíðina í Reykjavík í desember 2020 en henni hefur verið frestað í tvígang út af Covid.

Háskólastig málefnasvið 21

Háskólastig nær yfir málefni íslenskunnar og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Til ráðstöfunar voru 562,1 m.kr. á árinu 2021 að viðbætti óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 32,8 m.kr., rekstrargjöld námu 629,2 m.kr. og uppsafnað frávik því -34,4 m.kr.

Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála málefnasvið 22

Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála nær yfir málefni íslensks tákmarks og norræna samvinnu. Til málefnasviðsins heyrir ein stofnun, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra. Til ráðstöfunar voru 252,8 m.kr. á árinu 2021 að viðbætti óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 4,4 m.kr., rekstrargjöld námu 257,2 m.kr. og uppsafnað frávik því 0 m.kr.

18.1 Safnamál

Í fjármálaáætlun 2021-2025 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 18.1 Safnamál. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

Markmið 1: Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum

Mælikvarði	Staða 2020	Víðmið 2021	Árangur 2021
Fjöldi heimsóknna í söfn landsins.	2.200.000	3.000.000	Vantar tölur frá Hagstofu

Markmið 2: Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur

Mælikvarði	Staða 2020	Víðmið 2021	Árangur 2021
Varðveisluhúsnæði.	Þjóðminjasafn Íslands eitt safna með viðunandi varðveisluhúsnæði.	Þjóðskjalasafn Íslands verði komið með fjarvarðveisluhúsnæði.	Þjóðskjalasafn Íslands komið með bráðabirgðavarðveisluhúsnæði.

Markmið 3: Efla rannsóknir og skráningu

Mælikvarði	Staða 2020	Víðmið 2021	Árangur 2021
Fjöldi skráninga í Sarp.	1.938.650.	2.000.000.	2.000.000.

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Vísinda- og upplifunarhús fyrir börn og ungmenni.	2021-2022	● Listasafn Íslands undirbýr sýningu í Safnahúsi.
Styrkja starfsemi höfuðsafna.	2021-2025	● Undirbúningur að uppsetningu Náttúruminjasafns að Safnatröð.
Stafræn varðveisla og endurgerð. a. Stafræn lýsigögn um safneign skráð í auknum mæli í gagnagrunna. b. Skanna menningarsögulegt efni á stafrænt form.	2020-2022	● Átaksverkefni í skráningu og skönnun hjá Landsbókasafni, Náttúruminjasafni, Þjóðminjasafni, Listasafni og Þjóðskjalasafni auk reglubundinna verkefna. Stafræn endurgerð Kvikmyndasafns Íslands viðvarandi.
Hraun í Öxnadal.	2021	● Framlag til að bæta upplýsingagjöf við Hraun sem hluti af framkvæmdum vegna þingsályktunar um uppbyggingu.
Menningarsókn 2030.	2021	● Menningarsókn til ársins 2030 lögð fram.
Varðveisla. Greina núverandi stöðu og gera áætlun um uppbyggingu og endurnýjun geymslna.	2021	● Unnið að þarfagreiningu Þjóðskjalasafns Íslands og Listasafns Ísland.
Bætt aðstaða. Greina stöðu og þarfir safna fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um uppbyggingu.	2021	● Úttekt á innviðum Þjóðskjalasafns. Náttúruminjasafn lagði fram skýrslu um uppbyggingu húsnæðis við Safnatröð.
Rannsóknir. Styrkja sjálfstæðar rannsóknir safna.	2021	● Mun fleiri rannsóknaverkefni viðurkenndra safna nutu styrkja vegna aukins framlags í safnasjóð.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

18.2 Menningarstofnanir

Í fjármálaáætlun 2021-2025 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflokk 18.2 Menningarstofnanir. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

Markmið 1: Efla miðlun á menningu og listum með bættum aðgangi

Mælikvarði	Staða 2020	Viðmið 2021	Árangur 2021
Fjöldi og hlutfall grunnskóla sem tekur þátt í List fyrir alla.	94%	96%	Marktækar tölur vegna fjölda rafrænna viðburða og samkomu-takmarkana liggja ekki fyrir.
Fjöldi listviðburða í öllum grunnskólum í boði fyrir einstaka árganga.	20	29	Marktækar tölur vegna fjölda rafrænna viðburða og samkomu-takmarkana liggja ekki fyrir.

Markmið 2: Efla miðlun á menningu og listum með bættum aðgangi

Mælikvarði	Staða 2020	Viðmið 2021	Árangur 2021
Hlutfall skráðra friðaðra fornleifa á Íslandi.	35%	40%	40%

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Aðgengi að listum. Þjóða upp á listviðburði í grunnskólum og menningarhúsum um land allt.	2020-2021	● Sniðið að aðstæðum vegna Covid-19.
Varðveisla. Greina stöðu og þörf fyrir húsnæði og búnað og gera áætlun um endurbætur. a. Þjóðleikhúsið b. Íslenski dansflokkurinn.	2020-2021	● Í vinnslu.
Tölfræði. Gera kyngreinda hagvísa fyrir menningu, listir og skapandi greinar.	2021	● Hagstofan birti í júní menningarvísa þar sem sjá má talnaefni flokkað niður á mismunandi menningargreinar.
Verndun fornleifa. Heildarstefna um vernd menningarminja.	2021	● Unnið eftir stefnu um vernd menningararfs.
Skráning friðaðra fornleifa. Gera átak í skráningu og miðlun friðaðra menningarminja.	2021	● Hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnar vegna COVID-19.
Skráning friðlýstra minja. Gera átak í skráningu friðlýstra minja og miðlun þeirra í kortavefsja.	2021-2022	● Í vinnslu og 90% lokið 2022.
Menningarhús. Jafna tækifæri landsmanna til að njóta og taka þátt í menningu um land allt.	2021-2025	● Framlag til byggingar menningarhúss á Fljótsdalshéraði. Undirbúningur að byggingu menningarhúss í Skagafirði og menningarsalar á Selfossi.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið


18.3 Menningarsjóðir

Í fjármálaáætlun 2021-2025 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflökk 18.3 Menningarsjóðir. Úthlutun á fjárveitingum í gegnum sjóði eða samninga vegna stuðnings við einstök verkefni miða að því að auðvelda öllum landsmönnum, konum og körlum, að njóta menningar og lista og jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu. Jafnframt að stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

Markmið 1: Efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu

Markmið 2: Skapa betri skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í listum og menningu

Mælikvarði	Staða 2020	Viðmið 2021	Árangur 2021
Fjöldi sjóða.	17	14	17
Úthlutanir úr sjóðum til ungra umsækjenda.	Vantar uppl.	Engin viðmið.	Vantar upplýsingar.



Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
<i>Efla íslenska tungu. Unnið eftir aðgerðaáætlun á grundvelli þingsályktunartillögu. Meðal helstu verkefna:</i>		
a. Vitundarvakning um mikilvægi íslenskunnar og sett viðmið um notkun hennar á flestum sviðum.	2018-2022	● Viðburðir á degi íslenskrar tungu fóru fram á Þjóðminjasafni.
b. Endurskoðun íslenskrar málstefnu.	2018-2022	● Íslensk málnefnd hefur skilað endurskoðaðri málstefnu.
c. Vinna að málstefnu um íslenskt táknmál.	2018-2022	● Skýrsla um málstefnu um íslenskt táknmál undirbúin fyrir samráð.
d. Máltækni – stafræn framtíð íslenskunnar. Verkefni samkvæmt Máltækniáætlun 2018-2022	2018-2022	● Unnið að kjarnaverkefnum skv. máltækniáætlun 2018-2022 og samningi ráðuneytisins við Almennaróm. Upplýsingar um kjarnaverkefni eru nú aðgengilegar á vef Almennaróms.
e. Stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök hvött til að setja sér málstefnu.	2018-2022	● Með nýrri málstefnu geta stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök mótað sér málstefnu.
f. Tillögur til eflingar starfsemi skólabókasafna.	2018-2022	● Bókasafnaráð vinnur að stefnumörkun bókasafna. Innan þeirrar stefnumörkunar er unnið að tillögum til að efla starfsemi skólabókasafna.
g. Stuðlað verði að opnu aðgengi almennings að upplýsingaveitum um íslenskt mál, svo sem orðabókum, orðasöfnum og málfarssöfnum.	2018-2022	● Áhersla lögð á málið.is.
Styrkja sjálfstæða listastarfsemi. Endurskoða skiptingu fjárveitinga í sjóða- og stuðningskerfi.	2018-2022	● Umhverfi starfslauna listamanna skoðað.
Kvikmyndastefna.	2021	● Unnið eftir nýrri kvikmyndastefnu. Endurskoðun á reglugerð nr.229/2003 um Kvikmyndasjóð stendur yfir.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðarhluti 2021	Tímaáætlun	Framkvæmt 2021
Bókmenningarstefna. Fylgja eftir stefnu og forgangsraða aðgerðum.	2021	● Bókasafnasjóður endurvakinn og endurgreiðsla til bókaútgefenda rýnd.
Bókasafnssjóður höfunda: Framlög til sjóðsins hækka.	2021	● Framlög í bókasafnssjóð höfunda voru hækkuð í 197,4 m.kr. á fjárlögum 2021. Útlán af Hjóðbókasafni mynda einnig greiðslur til höfunda.
Skapandi greinar: Aðgerðaáætlun unnin um eflingu skapandi greina.	2021	● Aðgerðaáætlun skapandi greina, unnin í samstarfi fjögurra ráðuneyta, kynnt á vordögum 2021.
Menningarhús. Bygging menningarhúsa á Selfossi og í Skagafirði.	2021	● Samkomulag við Skagafjörð í vinnslu. Undirbúningur að menningarsal á Selfossi.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið





9. Viðskiptamál

Á sviði viðskiptamála var unnið að ýmsum fjölbreyttum verkefnum á árinu 2021.

Neytendamál

Á árinu var unnið að endurskoðun á stjórnýslu neytendamála. Aukin verkefni voru falin Neytendasamtökunum með þjónustusamningi og lögbundin verkefni á sviði mælifræði og vöruöryggis voru færð frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, með lagabreytingu. Markmið þessara breytinga er að færa verkefni þangað sem skyld sérfræðiþekking er fyrir hendi og auka skilvirkni og hagræði í stjórnýslu neytendamála. Einnig voru á árinu gerðar lagabreytingar til að efla rétt neytenda til úrlausnar ágreiningsmála utan dómstóla.

Samkeppnismál

Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum í framhaldi af skýrslu OECD um samkeppnishæfni. Hluti af því var m.a. að móta tillögur um framkvæmd samkeppnismats við undirbúning lagasetningar.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Aukin framlög voru veitt til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á árinu. Einnig var afgreitt frá Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999 um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, þar

sem m.a. var skilgreint með skýrari hætti hvaða framleiðslukostnaður myndar stofn til endurgreiðslu. Fjöldi kvikmyndaverkefna á árinu var mikill, þrátt fyrir heimsfaraldur COVID.

Verslun og þjónusta

Aukið var við rannsóknir á sviði verslunar og þjónustu með þjónustusamningi við Rannsóknarsetur verslunarinnar. Sérstök áhersla er á greiningu á þróun verslunar vegna tæknibreytinga og verslunar á netinu.

Erlend fjárfesting

Á árinu voru ýmsir starfshópar að störfum varðandi rýni á erlenda fjárfestingu, m.a. með vísan til þjóðaröryggissjónarmiða.

Ýmis viðskiptamál

Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum og lagabreytingum á sviði félagaréttar, ársreikninga, bókhalds, endurskoðenda, fasteignasala, opinberra eftirlitsregla, faggildingar, rafrænna skulda- viðurkenninga ofl.

Markmið og mælikvarðar

Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar - málefnasvið 7

Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar ná yfir endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og hljóðritun tónlistar á Íslandi, hönnunarmál og málefni faggildingar. Til ráðstöfunar voru 2.654,2 m.kr. á árinu 2021 að viðbættri óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 2,8 m.kr., rekstrargjöld námu 2.457,5 m.kr. og uppsafnað frávík því 199,6 m.kr. Frávikið skýrist að mestu af afgangi af endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar á Íslandi en liðurinn fékk aukafjárveitingu upp á 1.500 m.kr. á árinu.

Ekki er á málefnasviði 7 að finna sér markmið eða mælikvarða sem snúa að endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar eða hljóðritana.

Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar - málefnasvið 16

Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar nær yfir samkeppnis- og neytendamál ásamt ýmsum samningum og verkefnum í viðskiptum. Undir málefnasviðið falla tvær stofnanir, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa. Til ráðstöfunar voru 926,1 m.kr. á árinu 2021 að viðbættri óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 17,2 m.kr., rekstrargjöld námu 1.030,1 m.kr. og uppsafnað frávík því -86,7 m.kr. Frávikið má skýra af halla af safnliðnum Ýmis verkefni sem rekja má til meiri umsvifa áfrýjunar og kærunefnda en gert var ráð fyrir ásamt öðrum tilfallandi kostnaði.

Markmið á málefnasviði 16 snúa m.a. að virkri samkeppni, skilvirkni, heilbrigðum viðskiptaháttum og trausti almennings til atvinnulífs. Til að vinna að þeim markmiðum var á árinu 2021 unnið áfram að því að einfalda regluverk og verkferla í þágu atvinnulífs, með laga- og reglugerðarbreytingum (sbr. lög nr. 27/2021 um breytingar á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki). Einnig var á árinu unnið áfram með tillögur úr skýrslu OECD, frá nóvember 2020, um samkeppnismat og samkeppnishæfni. Hluti af því var m.a. að móta tillögur um framkvæmd samkeppnismats við undirbúning lagasetningar.



10. Fjölmiðlun

Á sviði fjölmiðla og fjölmiðlunar var á árinu 2021 unnið að ýmsum verkefnum sem snúa að umhverfi fjölmiðlunar. Sett voru lög (breyting á fjölmiðlalögum nr. 38/2011) um stuðning við einkarekna fjölmiðla og þeim styrkjum úthlutað á árinu. Um er að ræða endurgreiðslu á hluta kostnaðar við öflun og miðlun fréttar, fréttatengds efnis og umfjöllunar um samfélagsmálefni hér á landi. Markmið aðgerðarinnar er að renna traustari stoðum undir rekstur fjölmiðla og gera þeim betur kleift að framleiða vandað og faglegt fréttaeefni.

Á árinu var unnið áfram á grundvelli samnings við Ríkisútvarpið ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

Markmið og mælikvarðar

Fjölmiðlun - málefnasvið 19

Fjölmiðlun nær yfir málefni fjölmiðla. Til málefnasviðsins heyrir ein stofnun og tveir útgreiðsluliðir. Til ráðstöfunar voru 5.128,9 m.kr. á árinu 2021 að viðbættri óráðstafaðri fjárheimild frá fyrra ári 8,7 m.kr., rekstrargjöld námu 5.140,2 m.kr. og uppsafnað frávik því -2,5 m.kr.

Markmið á málefnasviði 19 snýr að því að bæta starfsumhverfi fjölmiðla. Var því markmiði mætt m.a. með nýjum styrkjum til einkarekinna fjölmiðla á árinu ásamt því sem áfram var stutt við starfsemi fjölmiðlaþjónustu í almannabágu í gegnum þjónustusamning við Ríkisútvarpið ohf.

Jafnframt var á árinu áfram unnið að því að auka sjálfstætt unnið efni í fjölmiðlum.



